



**Sjúkratryggingar Íslands**  
**María Heimisdóttir / Baldvin Hafsteinsson**  
**Vínlandsleið 16**  
**113 Reykjavík**

Reykjavík, 22. október 2020.

**Efni: Vegna bréfs Sjúkratrygginga Íslands til valinna fyrirtækja sjúkraþjálfara.**

**Mótmæli Félags sjúkraþjálfara.**

Vísað er til bréfa sem Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) hafa sent til valinna fyrirtækja veitenda heilbrigðisþjónustu, nánar til tekið fyrirtækja sem veita sjúkraþjálfun. Með bréfunum er móttakendum boðið til „viðræðna um mögulegan samning“.

Félag sjúkraþjálfara (FS) mótmælir því að staðið sé að samningsgerð með þessum hætti. Fyrirhuguð samningsgerð á þessum grundvelli er ólögmæt en auk þess í andstöðu við vandaða stjórnsýsluhætti og felur í sér tillitsleysi gagnvart sjúkraþjálfurum og fyrirtækjum þeirra.

---

Af bréfunum verður ráðið að þau hafi einungis verið send fyrirtækjum en ekki einstaklingum, þ.e. sjúkraþjálfurum sjálfum. Auk þess má nefna að bréf virðast ekki hafa verið send öllum fyrirtækjum veitenda heilbrigðisþjónustu, einungis völdum fyrirtækjum.

Löggjafinn hefur ákveðið með 40. gr. laga nr. 112/2008 að heilbrigðisþjónusta skuli veitt á grundvelli samninga sem Sjúkratryggingum Íslands er þar falið að gera við hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmenn. Í þessari ákvörðun löggjafans felst að Sjúkratryggingum Íslands er ekki falið opinbert vald til að ákveða einhliða forsendur fyrir veitingu heilbrigðisþjónustu heldur ber stofnuninni að útfæra þessar forsendur með gerð samninga við heilbrigðisstarfsmenn og stofnanir.

Í lögnum er ekki gerður greinarmunur á þjónustu sjúkraþjálfara eftir rekstrarformi. Þannig er ráðgert í 3. tölul. 1. mgr. 29. gr. laganna að sjúkraþjálfunarþjónusta kunni að vera veitt af sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara eða fyrirtæki. Þá er ráðgert í 2. mgr. 39. gr. að samningsumboð SÍ taki til samningsgerðar jafnt við einstaklinga og fyrirtæki. Ekki er sérstaklega vikið að þýðingu rekstrarforms í ákvæðum laganna sem lúta að val á viðsemjanda. Um er að ræða réttindi sem eiga stoð í atvinnufrelsi og jafnræði, sbr. 75. gr. og 65. gr. stjórnarskrár. SÍ hefur því ekki heimild til þess að velja af geðþóttu tiltekna veitendur þjónustunnar til samningsgerðar.



Sjúkratryggingum Íslands er samkvæmt framangreindu óheimilt að afmarka boð um samningsviðræður við lögaðila. Stofnuninni ber að bjóða öllum sjúkraðjálfurum sem uppfylla faglegar kröfur og hlotið hafa staðfestingu landlæknis til viðræðna óháð rekstrarformi. Þá felst auk þess augljós mismunun í því að einungis sumum fyrirtækjum en ekki öllum sé boðið að gera samning við stofnunina.

Þessu til viðbótar hefur framangreind leið til að koma á samningi hvorki stoð í lögum né hefðum og venjum sem skapast hafa um samningana. Um margra ára skeið voru skilmálar rammasamnings ákveðnir í samráði við FS og samninganefnd sjúkraðjálfara.

SÍ hafði ekkert samráð við Félag sjúkraðjálfara og veitti féluginu engar upplýsingar áður en bréfin voru send út þrátt fyrir að bréfunum sé ætlað að vera upphaf að grundvallarbreytingu á samningsgerð um þjónustuna. Slíkt samráð við félag starfsstéttar hefði falið í sér vandaða stjórnsýsluhætti og verið eðlilegur undanfari þeirrar stefnubreytingar sem SÍ virðist stefna að. Í ljósi fyrri samskipta SÍ og FS, einkum á árinu 2019 og fyrri hluta árs 2020, er sérstaklega ámælisvert af SÍ að gera tilraun til þess að koma á samningi með framangreindum hætti.

---

Í bréfi SÍ sem dagsett er 15. október sl. er óskað eftir að fyrirtæki láti vita fyrir 26. október nk. hvort áhugi er fyrir viðræðum. Þar sem 26. október 2020 ber upp á mánudag er síðasti virki dagur, föstudagurinn 23. október nk., hinn raunverulegi frestur. Í þessu samhengi ber að hafa í huga að núverandi reglugerð um greiðslubáttöku vegna sjúkraðjálfunar rennur út 1. nóvember 2020. Engar frekari upplýsingar eru veittar í bréfinu og því óljóst hvert framhaldið verður ef lýst er yfir áhuga. Móttakendum bréfsins er þannig stillt upp og þeir knúnir til þess að lýsa yfir áhuga, án nokkurra upplýsinga, nokkrum dögum áður en núverandi reglugerð rennur út.

Enn og aftur neyðist Félag sjúkraðjálfara til þess að lýsa þungum áhyggjum af því skeytingar- og ábyrgðarleysi sem birtist í framgöngu Sjúkratrygginga Íslands gagnvart sjúkraðjálfun og notendum þeirrar þjónustu. Er með ólíkindum að stofnunin hafi ekkert samráð haft við Félag sjúkraðjálfara áður en hún sendi bréf til fyrirtækja sjúkraðjálfara sem felur í sér umþyltingu á því samningsformi sem hefur verið grundvöllur þjónustunnar um áratuga skeið. Þá er með boði um samningsviðræður án frekari skýringa nokkrum dögum áður en núgildandi reglugerð rennur út settur óeðlilegur þrýstingur á móttakendur að samþykka það ferli sem SÍ hefur sett af stað.

Félag sjúkraðjálfara krefst þess að fá frekari gögn og upplýsingar um undanfara bréfanna og væntanlega samningsgerð, m.a. er óskað upplýsinga og svara um eftirfarandi:

- Hvaða lagastoð telur SÍ vera fyrir því að koma á samningum með þessum hætti?
- Hvaða undirbúningur og greining fór fram áður en bréfin voru send, hvernig telur SÍ að þessi leið tryggi best hagsmuni sjúkratryggsöra og veitenda sjúkraðjálfunar?
- Hvernig var staðið á vali á þeim aðilum sem fengu boð um samningsviðræður?
- Hver verður staða þeirra sjúkraðjálfara og fyrirtækja sem ekki gera samning (hvort sem það er vegna þess að þeir fá ekki boð eða svara ekki bréfi SÍ)?



# FÉLAG SJÚKRAÞJÁLFARA

Borgartúni 6 – 105 Reykjavík

Símar: 595 5186 – 595 5187

[sjukrathjalfun@bhm.is](mailto:sjukrathjalfun@bhm.is)

kt. 4201113-0480

- Hvernig hyggjast SÍ tryggja þjónustu við eldri borgara í þjónustuþúðum, sem nú er veitt af sjálfstætt starfandi einyrkjum út frá hjúkrunarheimilum?
- Er ætlunin að ganga til raunverulegra samningaviðræðna eða er SÍ með samningsform tilbúið til undirritunar?
- Ef samningsform er tilbúið er óskað eftir afriti þess.

Þess er krafist að reglugerð um greiðslupáttöku sjúkratryggðra vegna sjúkraþjálfunar verði framlengd á meðan unnið er að lögmætri samningsgerð um þjónustuna.

Að lokum er þess krafist að haft verði samráð við Félag sjúkraþjálfara um væntanlega samningsgerð um sjúkraþjálfun.

Virðingarfyllst

Unnur Pétursdóttir  
formaður Félags sjúkraþjálfara

*Afrit sent heilbrigðisráðherra*